



KVÍKA





Mat á kaupum HB Granda á Ögurvík
Helstu niðurstöður minnisblaðs FRK



Kaup HB Granda á Ögurvík

Fyrirvari



Allar upplýsingar sem birtar eru í kynningu þessari eru samkvæmt bestu vitund fyrirtækjaráðgjafar Kviku (hér eftir „FRK“) á hverjum tíma. FRK ábyrgist á engan hátt réttmæti upplýsinganna sem birtar eru í minnisblaði þessu, hvort sem þær koma frá FRK eða þriðja aðila.

Upplýsingar sem birtar eru í kynningunni skulu ekki á nokkurn hátt skoðast sem ráðleggingar um kaup eða sölu tiltekinna fjármálagerninga eða aðrar fjárfestingaákvörðanir. Bera viðtakendur einir ábyrgð á þeim fjárfestingaákvörðunum sem teknar eru á grundvelli upplýsinga sem birtar eru í minnisblaði þessu. FRK ber ekki í neinum tilvikum ábyrgð á tjóni sem kann að hljótask af upplýsingum sem birtar eru í minnisblaði þessu né tjóni sem rekja má beint eða óbeint til notkunar þeirra. FRK er ekki skuldbundin til að uppfæra kynningu þessa, veita frekari upplýsingar eða leiðrétta villur sem kunna að koma í ljós.

Niðurstaða sem birt er í kynningu þessari byggir á upplýsingum og forsendum sem koma frá stjórnendum HB Granda. FRK hefur ekki framkvæmt áreiðanleikakönnun né staðreynt þau gögn sem hafa borist.

Með móttöku þessara kynningar fellst viðtakandi á framangreindan ábyrgðarfyrirvara.

FRK á höfundarrétt á öllum þeim upplýsingum sem fram koma í kynningunni, nema annað sé sérstaklega tekið fram eða leiða megi af eðli máls. Stjórn HB Granda er heimilt að birta kynninguna í heild sinni fyrir hluthöfum HB Granda og almenningi, t.d. í fréttakerfi Nasdaq Iceland og á vefsíðu HB Granda.

Kaup HB Granda á Ögurvík

Formáli



- Stjórn HB Granda leitaði til fyrirtækjaráðgjafar Kvikú (FRK) í kjölfar samþykktar hluthafafundar þann 16. október 2018 „*til þess að meta fyrirhuguð viðskipti um kaup félagsins á öllu hlutafé Ögurvíkur ehf. og skilmála þeirra*“
 - Skrifað var undir ráðgjafasamning þar um þann 24. október síðastliðinn
- FRK var falið að leggja mat á eftirfarandi þætti út frá þeim gögnum sem FRK voru aðgengileg:
 - Er kaupverðið í samræmi við það sem ætla mætti að greitt yrði í viðskiptum milli þessara aðila væru engin tengsl þeirra á milli
 - Hversu vel fellur rekstur Ögurvíkur að rekstri HB Granda
 - Er um hagfelldan fjárfestingarkost ræða fyrir HB Granda
 - Er samþættingin ákjósanleg fyrir HB Granda út frá þeim gögnum sem FRK voru aðgengileg
- Stefnt var að því að helstu forsendur og niðurstöður álitsins yrðu gerðar hluthöfum aðgengilegar eigi síðar en 29. október
- Að teknu tilliti til þeirra gagna sem FRK hafði aðgang að og tímaramma verkefnisins var mat ávinnings samsett af:
 1. Rekstrarvirði Ögurvíkur eftir samþættingu við HB Granda að frádregnu kaupverð á Ögurvík
 2. Samlegðarávinningi innan HB Granda
 3. Sala fastafjármuna sem verða óþarfir eftir samþættingu félaganna

Kaup HB Granda á Ögurvík

Helstu forsendur



- 1) Rekstrarvirði Ögurvíkur eftir samþættingu við HB Granda að frádregnu kaupverði á Ögurvík
 - a. Helstu samlegðarþættir sem myndast innan Ögurvíkur
 - i. Talsverður sparnaður í markaðs- og stjórnunarkostnaði Ögurvíkur
 - ii. Kostnaður félagsins við leigu á frystirými í landi sparast
 - iii. Betri afkoma félagsins/eininga með aukinni sérhæfingu í veiðum og vinnslu þeirra tegunda sem skila félaginu hæstri framlegð
 - » Aukin veiði og vinnsla á karfa með því að veiða aflaheimildir HB Granda í þessum tegundum í stað þorsks
 - b. Kaupverð Ögurvíkur
 - i. Fyrir liggur mat þriggja aðila á markaðsvirði eigna Ögurvíkur sem gerð voru í aðdraganda viðskiptana
 - ii. Kvika bar viðkomandi verðmöt saman við önnur viðskipti með aflaheimildir og félög með aflaheimildir. Sá samanburður gaf ekki tilefni til að efast um það verðmat er kaupverðið byggir á (það mat sem var lægst þeirra þriggja)
 - iii. Kaupverð HB Granda á Ögurvík er lægra en markaðsvirði eigna

Kaup HB Granda á Ögurvík

Helstu forsendur



- 2) Samlegðarávinningur innan HB Granda
 - a. Betri nýting skipaflota með sérhæfðari veiðum - Aukin veiði skipa HB Granda á þorski með aflaheimildum Ögurvíkur
 - b. Betri nýting landvinnslu með aukinni sérhæfingu - Vinnsla á aflaheimildum HB Granda í karfa færast yfir á Vigra (frystitogara Ögurvíkur) en í stað þess er meira unnið af þorski samanber lið a. að ofan
 - c. Aðrir þættir til hækkunar hafa minni áhrif en ekki var lagt tölulegt mat á þá þætti og því eru þeir ekki inn í niðurstöðu FRK
 - d. Kostnaðaraukning innan HB Granda við samþættingu er óveruleg þar sem rekstur félaganna fellur vel hvor að öðrum
- 3) Sala fastafjármuna sem verða óþarfir eftir samþættingu félaganna
 - a. Stjórnendur HB Granda telja að einhverjir fastafjármunir munu sparast í kjölfar samþættingar
 - b. Stjórnendur HB Granda telja takmarkaðar forsendur að svo stöddu til að meta til fjár þennan ávinning
 - c. Þessi þáttur var því ekki tekinn með í mati FRK

Kaup HB Granda á Ögurvík

Niðurstaða FRK



- Kaupverð Ögurvíkur er lægra en metið markaðsvirði eigna Ögurvíkur
- Með kaupunum HB Grandi á Ögurvík fást aflaheimildir og frystitogari sem falla vel að rekstri HB Granda, en við kaupin aukast aflaheimildir HB Granda í botnfiski um tæplega 16%. Meginþættir samlegðar felast í:
 - a. Betri nýting skipaflota með sérhæfðari veiðum
 - b. Betri nýting vinnslu með aukinni sérhæfingu á sjó og í landi
 - c. Sparnaður í markaðs- og stjórnunarkostnaði
 - d. Sparnaður í frystirými í landi
 - e. Mögulega verður hægt að selja fastafjármuni sem verða óþarfir eftir samþættingu félaganna, en ekki var tekið tillit til þess mögulega ávinnings í mati FRK
- Niðurstaða verðmats FRK, að teknu tilliti til fyrirbyggjandi gagna og framangreindra forsendna, er að áætlaður ávinningur HB Granda af viðskiptunum sé á bilinu 19,2-38,2 m.evra. (m.v. gengi evrunnar við gerð kaupsamningsins) eða 19,4% - 38,6% af kaupverði Ögurvíkur

